

Fulltrúafundur skógræktarfélaganna
Haldinn í sal Garðyrkjufélags Íslands að Síðumúla 1 laugardaginn 25. mars 2017

Mættir: Aðalsteinn Sigurgeirsson, Árni Þórólfsson, Ásmundur Ásmundsson, Baldvin Þór Grétarsson, Barbara Stanzeit, Berglind Ásgeirsdóttir, Bjarki Sigurðsson, Bjarni Þóroddsson, Brynjólfur Jónsson, Eiður Thoroddsen, Einar Gunnarsson, Eiríkur Gíslason, Elísabet Kristjánsdóttir, Else Möller, Friðrik Aspelund, Gísli Eiríksson, Guðjón Jenson, Guðmundur Grétar Karlsson, Halldór Halldórsson, Heimir Sigurðsson, Helgi Gíslason, Hrefna Einarsdóttir, Hrefna S. Bjartmarsdóttir, Ingólfur Jóhannsson, Jóhanna S. Sigurðardóttir, Jóhann Þóroddsson, Kristinn Þorsteinsson, Kristín Davíðsdóttir, Lilja Magnúsdóttir, Jens B. Baldursson, Jón Ásgeir Jónsson, Laufey B. Hannesdóttir, Magnús Gunnarsson, Oktavía Ragnarsdóttir, Óskar Guðmundsson, Páll Ingbór Kristinsson, Pálmar Örn Guðmundsson, Ragnhildur Freysteinsdóttir, Sigríður Elefsen, Sigríður Heiðmundsdóttir, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, Sigurður Skúlason, Steinar Björgvinsson, Sæmundur Þorvaldsson, Þorkell Þorkelsson, Þorvaldur Böðvarsson, Þuríður Yngvadóttir.

Fundur settur kl. 10:10.

1. Fundarsetning.

Magnús Gunnarsson formaður setti fund. Í ávarpi kom Magnús inn á að fulltrúafundir hafi ekki verið haldnir um skeið, heldur hafi stjórn SÍ reynt að heimsækja félög hvert um sig eins og hægt er. Nú hafi hins vegar verið ákveðið að kalla til fundar, til að ræða um Landgræðsluskóga. Magnús ræddi stuttlega um nýafstaðna Fagræðstefnu skógræktar, sem hann átti því miður ekki kost á að mæta til, en miðað við fréttir af ráðstefnunni taldi hann rauðan þráð hennar vera að auka fræðslu um skógrækt, auka tengsl við aðrar faggreinar og ná betur til unga fólksins. Öll umræða um skógrækt sé af hinu góða, þar sem hún vekur upp áhuga og vilja til að gera betur. Nýverið hafi umræða í tengslum við loftslagsráðstefnuna í París komið þar inn. Magnús fór því næst stuttlega yfir verkefni fulltrúafundarins.

2. Erindi: Landgræðsluskóga: Upphaf, tölfræði, breytingar.

Einar Gunnarsson flutti erindi, þar sem stiklað var á því helsta í sögu Landgræðsluskóga. Verkefnið var samstarfsverkefni skógræktarfélaganna, Landgræðslu ríkisins, Skógræktar ríkisins og landbúnaðarráðuneytisins (nú umhverfisráðuneytið). Sýndi hann myndir frá fyrstu gróðursetningum verkefnisins, meðal annars þeirri fyrstu í Garðabæ. Samstarfsnefnd fer með almenn málefni verkefnisins og fór Einar yfir samsetningu hennar.

Innan verkefnisins eru gerðir þinglýstir samningar um lönd. Gríðarlega mikilvægt er að ganga frá samningum áður en farið er að gróðursetja, sérstaklega ef röskun verður á svæðunum vegna framkvæmda, t.d. gerð snjóflóðavarnargarða eins og dæmi eru um. Heildarfjöldi samninga frá upphafi eru 142. Þar af eru 7 samningar útrunnir og röskun hefur orðið á 7 svæðum að auki.

Í heild hafa verið settar niður tæpar 22 milljónir plantna innan verkefnisins. Árlegur fjöldi gróðursettra plantna hefur verið á niðurlægi, sem er í samræmi við almennan samdrátt í gróðursetningu á Íslandi.

Árangur verkefnis er ótvíræður. Landgræðsluskógar eru að verða sýnilegir í flestum byggðarlögum landsins, enda liggja þeir víða við þéttbýli og veita þar skjól, eru vettvangur útivistar, skapa hlýlegt umhverfi, binda kolefni og veita ýmsa vistþjónustu.

3. Erindi: Græðum hraun og grýtta mela

Árni Þórólfsson, Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar, flutti erindið. Titill erindis vísar til einkunnarorða Skógræktarfélagshafnarfjarðar, en þau endurspeglar þann veruleika sem félagið hefur búið við í sögu

sinni. Fór Árni yfir nokkra þætti í ræktunarsögu félagsins. Til að vinna skipulega þarf skipulag og deiliskipulag fyrir Höfðaskóg var gert um 1990, en gróðursetning á svæðinu hafði hafist nokkru fyrr. Á svæðinu er víða grýtt og ófrjótt hraun og melar. Þegar hafist var handa var þar var stingandi strá, en nú er með grassáningu, áburðargjöf, sáningu lúpínu og gróðursetningu búið að rækta landið upp, þótt ræktunin hafi ekki gengið áfallalaust, en svæðið hefur nokkrum sinnum lent í bruna.

Árni fór einnig í gegnum ferlið við landgræðsluskógaverkefnið, frá sjónarhóli skógræktarfélags. Plöntur í verkefnið koma í gegnum stór útboð. Áður en sótt er um plöntur þarf að skoða ræktunarsvæði (loftmynd, t.d. frá Google) til að finna þau svæði sem setja þarf í og meta hvað þarf af plöntum. Því næst er farið á vef SÍ (Upplýsingar fyrir formenn), athugað hvað er í boði, valið úr því og pantað. Eftir úthlutun þarf að taka við plöntum og þar þarf að hafa aðstöðu – plan til að geta raðað bökkum. Árni hefur haft þann hátt á að búa sér til vinnuskjal, með bókhaldi yfir hvað er til (á planinu), hvað er sett niður og hvenær. Mikilvægt er að afmarka gróðursetningu jafnóðum – nota GPS tæki og skrá hvað fer í hvern reit. Of seint sé að gera það þegar skila þarf skýrslu um gróðursetningarnar.

4. Hópavinnu.

Magnús fór yfir tilgang hópavinnu, en niðurstöður úr henni verða nýttar til að undirbyggja samningaviðræður við ríkið, þar sem samningur um verkefnið rennur út á næsta ári.

5. Hópstjórar kynna niðurstöður.

Hópur 1: Plöntu- og landval og gróðursetning. Sigríður Heiðmundsdóttir kynnir.

- Auka tegundafjölbreytni – land mismunandi milli svæða/félaga.
- Afhendingartími bæði vor og haust.
- Þarf meira land til gróðursetningar – mikilvægt að vinna vel með sveitarfélögunum. Ganga þarf frá traustum samningum um þau, smærri félög geta þurft aðstoð SÍ við það.
- Upphaflega gert ráð fyrri melum og lítt grónum svæðum í verkefni – huga að gróðursetningu í betur grónum svæðum nú.
- Gera þarf ráð fyrir fjármagni innan verkefnis til gróðursetningar – ekki hægt að stóla á sjálfboðaliða í dag.

Hópur 2: Utanumhald – samningar, skráningar og skýrslugerð. Sigurður Skúlason kynnir.

- Passa að samningar séu góðir, skotheldir, til hjá félögum og SÍ. Þarf að þinglýsa. Með samningum þarf að fylgja loftmynd, hnitum og örnefnum.
- Skýrslugerð – uppfæra snið, gera skýrslur einfaldari og aðgengilegri.
- Framhald – verkefni haldi áfram, halda á lofti að verið sé að auka kolefnisbindingu. Skýrsla frá SÍ um bindingu skóga.
- Komast inn í nýja samning ákvæði um innviði í skógunum.

Hópur 3: Umhirða og uppbyggingu innviða. Jens Baldursson kynnir.

- Alls staðar mikill kraftur um 1990-2000 í félögunum – fjarað undan áhuga á félagastarfi.
- Erfitt að ná til unga fólksins – stóra málið. Fyrirtæki/félagasamtök sendu fólk áður, nú dottið út.
- Þarf að koma samstarfi við sveitarfélög á fastara form.
- Þurfum að vera sýnilegri sem félög – virkja útivistarfólkið til þátttöku í félögunum og uppbyggingu skóga.
- Þarf fjármagn til að greiða fyrir þjónustu á svæðum – stígagerð, grisjun – þarf meira fjármagn í verkefni.

Hópur 4: Árangursmat. Sigríður Júlía Brynleifsdóttir kynnir.

- Auka tegundafjölbreytni, horfa til tegunda sem duga við erfiðar aðstæður.
- Þarf að vera skýr stefna/markmið – hvaða árangri á að ná? Gera þarf úttekt á árangri, t.d. lifun – þurfa að vera skógræktaráætlanir.
- Bæta þarf skil á skýrslum – betri staðsetningar á gróðursetningum. Meta kolefnisbindingu. Heimsóknir/nýting skóga getur líka verið mælikvarði.
- Huga þarf að plöntugæðum, móttöku og umönnun plantna. Afhending plantna hefur stundum verið ábótavant – verið að koma full seint.
- Ráðgjöf til skógræktarfélaganna þarf að vera til staðar, t.d. við gerð ræktunaráætlana og skráningu upplýsinga.
- Fjölga þarf félögum og samstarfsaðilum, t.d. önnur félagasamtök.

6. Erindi: Tölulegar staðreyndir um skóga Íslands.

Björn Traustason fór yfir kortlagningu skóga landsins unna af Skógræktinni, bæði innan Íslenskrar skógarúttektar og almenna kortlagningu unna í landfræðilegu upplýsingakerfi. Enn er nokkuð ókortlag og flatarmál skóga því eitthvað vanmetið. Flatarmál skóga landsins er nú milli 40-50 þúsund ha og mjög misjafnt eftir landshlutum, bæði hvað náttúrulega birkiskóga og ræktaða skóga varðar.

Þegar horft er til eignarhalds skógarreita er skógur í einkaeigu (bændaskógrækt o.s.frv.) tæp 60%, en skógar skógræktarfélaganna er um 23% skóga landsins. Flestir skóga skógræktarfélaganna eru frekar ungir að árum, gróðursettir eftir 1990.

7. Ávarp: Fulltrúi Umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

Björn H. Barkarson flytur stutt ávarp. Björn þakkaði fyrir tækifæri til að vera með á fundi og taldi svona fund ómetanlegt innlegg í umræðu um framtíð Landgræðsluskóga. Verkefnið hafi skilað gríðarlegum árangri, en ýmsar áskoranir blasi við, t.d. að erfiðara er að fá fólk í sjálfboðaliðastarf.

Björn fór stuttlega yfir lagaumhverfi skógræktar, en fyrirhugað var að leggja fram frumvarp til laga um skógrækt á næstunni, sem er löngu tímabært, þar sem núverandi lög séu frá 1955. Björn á ekki von á því að ný lög breyti miklu fyrir landgræðsluskógastarfið, nema þá helst til að gefa skýrari ramma fyrir það. Stiklaði hann á nokkrum atriðum sem eru í frumvarpinu, m.a. áherslu á gerð skógræktaráætlana. Einnig kom Björn inn á samstarf skógræktarfélaganna við fyrirtæki, önnur félagasamtök og ríkisstofnanirnar tvær sem helst koma að skógrækt, Skógræktina og Landgræðslu ríkisins. Samstarf þar getur nýst starfi skógræktarfélaganna og hvatti hann til að leggja skyldur á stofnanirnar í gegnum starfið.

Björn minntist einnig á að nýr umhverfisráðherra hefði hug á að efla starf í þágu landgræðslu og skógræktar og því væri upplagt að bjóða henni á foldina til að kynna Landgræðsluskógaverkefnið.

8. Umræða

Magnús Gunnarsson fjallaði stuttlega um reynslu af samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja. Væru iðulega tilbúin að skrifa undir góða samninga, en erfiðara að fá fyrirtækin til að fylgja því eftir með fjármagni. Magnús lagði áherslu á að stjórnir viðkomandi félaga skoði hvaða möguleika sveitarfélögin hafi til að standa við bakið á félögunum. Skiptir máli næstu misserin eiga góð samskipti við ríki/sveitarfélög. Stjórn SÍ myndi svo taka taka saman punkta frá fundi og nota við vinnu við stefnumótun.

Guðjón Jensson sagði frá ársfundi Almenna lífeyrissjóðsins, sem hann hafði nýverið setið. Á fundinum hvatti hann til þess að lífeyrissjóðir athuguðu fjárfestingu í skógrækt, en dæmi væru um það erlendis, t.d. í Danmörku.

Ásmundur Ásmundsson ræddi hugmynd um samninga við stórfyrirtæki hér á landi um skógræktarverkefni, sem fulla vinnu og væri það leið fyrirtækjanna til kolefnisbindingar á mótum losun sinni. Fyrirtækin væru að menna hér og ættu því að rækta hér til að vega upp á móti því. Hvatti hann stjórn SÍ til að ganga í slíkt verkefni.

Að lokum þakkaði Magnús Gunnarsson fyrir góðan og skilvirkan fund og sagðist vona að áfram yrði unnið að því að efla starfsemi félaganna og að þau næðu árangri í samræðum við stjórnvöld.

Fundi slitið kl. 14:50.

Fundargerð ritar Ragnhildur Freysteinsdóttir.